

Eyjafjarðarsveit  
b/t Vigfús Björnsson  
Skólatröð 9  
601 Akureyri

Reykjavík 6. maí 2019  
UST201904-030/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga- Deiliskipulag – Svönulundur – Eyjafjarðarsveit**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar er barst 2. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Svönulund í Eyjafjarðarsveit.


Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til um 9.000 m<sup>2</sup> íbúðarlóðar fyrir allt að 300 m<sup>2</sup> íbúðarhús.

#### **Fjarlægð frá vegi**

Á uppdrætti tillögunnar kemur fram að fjarlægð frá byggingareit að Finnastaðaveg (824) er 48 m. Auk þess kemur fram í greinargerð að staðsetning á íbúðarhúsi er frjálss innan byggingareits. Í greinargerð kemur fram að um byggingar á lóðinni gilda öll ákvæði laga og reglugerða sem við eiga m.a. skipulagslög. Umhverfisstofnun bendir á að í gr. 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir um samgöngur að utan þéttbýlis skal ekki staðsetja íbúðir eða frístundahús nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi


#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur